

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

5. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 21. maí 1993. Fundur hófst kl. 14:00

Formaður Guðmundur Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Mætt voru: Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Sigfús Guðmundsson, Jón Bergsson, Kolbrún Kristjánsdóttir, Sigurgeir Bárðarson og Sigurður Þórhallsson framkæmdastjóri.

1. Hesturinn okkar, útgáfusamningur.

Formaður L.H. greindi frá útgáfu blaðsins, en drög að samningi hafa legið fyrir á milli stjórnar L.H. og Gunnars Gunnarssonar.

Eitt blað hefur þegar komið út og annað er á leiðinni. Þegar blað nr. 2 kemur út verður gengið frá endanlegum samningi við G.G. af hálfu stjórnarinnar. Skrifstofa L.H. hefur látið G.G. í té aðstöðu á skrifstofunni síðan í febrúar byrjun. Guðmundur, Guðbrandur og Sigfús munu ganga frá samningi við G.G. strax og aðstæður leyfa.

2. FM'93.

Sigurður Þórhallsson greindir frá bréfi, sem hann ritaði framkvæmdanefnd FM'93. Efni bréfsins varðar félagaskrá hestamannafélagsins Neista en samkvæmt henni kom inn til skrifstofu L.H. leiðrétt skrá í byrjun febrúar. Magnús Jósefsson stjórnarmaður í Neista hafði síðan í mars samband við skrifstofu L.H. og sagði frá því að á leiðinni væri viðbót við áðursenda skrá upp á 40 nýja félaga. Vegna þátttöku félaganna á Norðurlandi í FM'93 þarf að liggja ljóst fyrir hvort miða á fjölda hesta í gæðinga og ungingakeppni á fjórðungsmótinu við félagaskrá síðustu áramóta eða leiðréttta skrá sem skrifstofa L.H. sendir út í janúar til mars. Að beiðni framkvæmdanefndar FM'93 er varðar félagaskrá Neista telur stjórn L.H. rétt að nefndin miði við fjölda hesta Neista við leiðréttta skrá þeirra frá því í apríl s.l. enda hefð fyrir slíku.

Stjórn L.H. mun leggja til á næsta þingi samtakanna að breyting verði gerð á lögum varðandi þátttökurétt í fjórðungs- og landsmótum og einnig er varðar gjaldskyldu félaganna miðað við félagaskrá. Þetta er gert í því skyni að reglur um þessi atriði verði skýrari en nú er.

3. Starfssamningur við Sigríði Sigþórsdóttur.

Starfssamningur við Sigríði var skoðaður og samþykkt að undirrita starfssamning við hana á grundvelli samningsdraga sem kynnt voru á síðasta fundi L.H. Greiðslan til Sigríðar verður kr. 1.500.000 auk virðisaukaskatts. Innifalið eru laun og allur annar kostnaður. Vegagerð ríkisins greiðir helming þessa kostnaðar.

4. Samningur við HÍS.

Formaður kynnti málið. Kom fram að HÍS hefur greitt 75.000 krónur af skuld sinni við L.H. um s.l. áramót, en þá skuldaði HÍS kr. 300.000.-

Á fundi fulltrúa frá L.H. og HÍS varðandi samstarf um rekstur skrifstofu L.H. var samþykkt að HÍS greiði L.H. á árinu 1993 kr. 600.000. Þá var samkomulag um að HÍS greiði skuld sína frá fyrra ári fyrir 1. október 1993. Varðandi samstarf um æskulýðsmál kom fram hjá fulltrúum HÍS að, eins og mál þeirra standa nú hefur HÍS ekki bolmagn til að leggja fjármuni í þessa starfsemi á þessu ári. Áður hafði komið fram að HÍS greiddi vegna æskulýðsstarfsemi HÍS og L.H. kr. 400.000 en L.H. kr. 800.000.

Af þessum sökum þarf að taka til endurskoðunar starf æskulýðsfulltrúa.

5. Viðræður við Flugleiðir h.f.

Framkvæmdastjóri L.H. gerði grein fyrir viðræðum sem hann hefur átt við Flugleiðir varðandi fríðindi í flugi fyrir aðila frá L.H. og HÍS. Samtök hestamanna L.H. og HÍS þurfa á hverju ári að senda menn á fundi og ráðstefnur erlendis vegna þessa starfa 18-20 manns og virðist ekki ósanngjarnit að samtökin nytu einhverra fríðinda hjá flutningsaðilum vegna þessa t.d. frímiða. Þá kom fram að búið er að gera tillögu að samningi milli Flugleiða annars vegar og L.H. og HÍS hins vegar um stuðning Flugleiða við landslið HÍS og frímiða til beggja samtakanna vegna fundaferða erlendis o.fl.

6. Fagráð í hrossarækt, nefndarálit.

Lögð fram drög að samþykktum fyrir fagráð í hrossarækt. Stjórnin samþykkir að taka þátt í stofnun fagráðs, ef af verður.

7. Úthlutun reiðvegafjár.

Gjaldkeri L.H. Sigfús Guðmundsson gerði grein fyrir skiptingu reiðvegafjárins. Reiðveganefnd L.H. er skipuð auk Sigfúsar, Ármanni Gunnarssyni og Sigurði Ingimarssyni. Nefndin hélt einn fund sem haldinn var í Varmahlíð í Skagafirði.

Reiðveganefndin leggur fram eftirfarandi tillögu að skiptingu fjárins 1993 en heildarupphæðin er kr. 7.000.000.-

Feykir	kr. 150.000
Funi	kr. 400.000
Glæsir	kr. 150.000
Gnýfari	kr. 100.000
Grani	kr. 100.000
Hringur	kr. 700.000
Léttfeti	kr. 550.000
Léttir	kr. 500.000
Logi	kr. 600.000
Neisti	kr. 300.000
Óðinn	kr. 300.000
Skógarhólaleið	kr. 400.000
Snarfari	kr. 150.000
Snæfaxi	kr. 150.000

Stígandi	kr. 650.000
Svaði	kr. 300.000
Trausti	kr. 1.000.000
Pjálfí	kr. 100.000
Práinn	kr. 100.000
Þytur	kr. 300.000
	kr. 7.000.000

Nú sem fyrr var þeirri meginvinnureglu framfylgt að féð fari að stórum hluta til hestamannafélaga á Norðurlandi þar sem FM verður haldið á sumri komandi.

Fundurinn samþykkir tillögu reiðveganefndar eins og hún liggur fyrir.
Rætt var um að á næsta þingi L.H. verði tekin afstaða til þess að breyta þeirri reglu að meginhluti fjárins fari í þann landshluta sem stórmót lands- eða fjórðungs eru haldin hverju sinni.

8. Önnur mál.

Sigurður Þórhallsson upplýsti um ráðningu umsjónarmanns í Skógarhólum. Ráðinn hefur verið Hörður Guðmannsson bóndi í Skálabrekku í Pingvallasveit.

Sigurður tilkynnti að Ásdís Ingimarsdóttir hefði tjáð sér að hún óskaði eftir að hætta starfi sínu sem æskulýðsfulltrúi L.H. á komandi hausti.

Guðmundur Jónsson sagði frá ferð sinni á Vestfirði, en í þeirri ferð hitti hann hestamenn bæði hjá Stormi og Hendingu. M.a. mætti Guðmundur á stjórnarfund hjá Hendingu.

Aðalmál næsta þings, var rætt en ekki tekin ákvörðun. Menn beðnir að hugsa sinn gang og vera með hugmyndir á næsta fundi stjórnar.

Næsti fundur er fyrirhugaður 22. júní.

Rætt var um að skrifstofa L.H. gefi út nokkur fréttabréf á ári sem send verði öllum formönum hestamannafélaganna.

Fleira ekki fært til bókar.

Halldór Gunnarsson
Sigfús Guðmundsson
Jón Bergsson
Kolbrún Kristjánsdóttir

Guðmundur Jónsson form.
Sigurgeir Bárðarson
Guðbrandur Kjartansson